

# Ársuppgjör BM Vallá ehf. 2010

## Ársreikningur

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2010 var samþykktur af hálfu stjórnar félagsins þann 16. febrúar 2011. Félagið hóf starfsemi þann 21. maí 2010. Ársreikningurinn var gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur verið endurskoðaður af Ernst & Young hf. Ekki verður greiddur út arður vegna ársins 2010.

tölur eru í þkr.

| <b>Rekstrarreikningur</b>                         | <b>2010</b>    |
|---|----------------|
| Vörusala  | 1.291.382      |
| Kostnaðarverð seldra vara                         | -507.414       |
| <b>Framlegð</b>                                   | <b>783.968</b> |
| Aðrar rekstrartekjur                              | 8.053          |
| Rekstrargjöld                                     | -643.762       |
| <b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b> | <b>148.259</b> |
| Afskriftir rekstrarfjármuna                       | -63.295        |
| <b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>               | <b>84.964</b>  |
| Fjármagnsliðir                                    | -29.408        |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>                      | <b>55.556</b>  |
| Tekjuskattur                                      | -10.000        |
| <b>Hagnaður ársins</b>                            | <b>45.556</b>  |

| <b>Efnahagsreikningur</b> | <b>2010</b>      |
|---------------------------|------------------|
| <b>Eignir</b>             |                  |
| Fastafjármunir            | 832.208          |
| Veltufjármunir            | 733.825          |
| <b>Eignir samtals</b>     | <b>1.566.033</b> |

|                            |                |
|----------------------------|----------------|
| <b>Eigið fé og skuldir</b> |                |
| Hlutafé                    | 412.000        |
| Annað eigið fé             | 45.556         |
| <b>Eigið fé samtals</b>    | <b>457.556</b> |

|                                    |                  |
|------------------------------------|------------------|
| <b>Skuldir</b>                     |                  |
| Langtímaskuldir                    | 840.190          |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda  | 57.190           |
| Aðrar skammtímaskuldir             | 211.097          |
| <b>Skuldir samtals</b>             | <b>1.108.477</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <b>1.566.033</b> |

| <b>Sjóðstreymi</b>                            | <b>2010</b>    |
|---|----------------|
| Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 140.206        |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta    | 3.260          |
| Handbært fé frá rekstri                       | -13.165        |
| Fjárfestingahreyfingar                        | 887.450        |
| Fjármögnunarhreyfingar                        | 1.283.152      |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                   | <b>382.537</b> |

## Helstu lykiltölur

| Yfirlit kennitalna     | 2010 |
|------------------------|------|
| EBITDA hlutfall.....   | 12%  |
| Hagnaðar hlutfall..... | 4%   |
| Arðsemi eiginfjár..... | 11%  |
| Eignfjárhlutfall.....  | 29%  |

## Starfsemi

BM Vallá ehf. var stofnað í maí árið 2010 af Arion banka. Markmið eiganda með stofnun félagsins var að kaupa hluta af eignum og rekstri þrotabús BM Vallá hf., endurskipuleggja starfsemina og þannig byggja upp arðbært fyrirtæki á grunni þrotabús BM Vallá hf. Eigandi félagsins við árslok 2010 var Eignabjarg ehf. sem er dótturfélag Arion banka. Megin starfsemi félagsins er framleiðsla og sala á steinsteypu, forsteyptum einingum, hellum, múrefnum og vikri.

Árið 2010 hefur einkennst af miklum breytingum þar sem starfsstöðvum var lokað, aðrar sameinaðar og endurskipulagðar með það að markmiði að hagræða í rekstri, einfalda stjórnun og bæta vöru- og þjónustugæði félagsins. Á síðari hluta ársins 2010 fékk félagið gæðavottun ISO 9001 á megin hluta starfseminnar. Auk þess var innleitt öryggisstjórnunarkerfi á öllum starfsstöðvum félagsins síðla árs 2010.

Sé tekið mið af aðdraganda að stofnun félagsins og þess erfiða árferðis sem var á byggingamarkaði árið 2010 er rekstrarafkoma félagsins vel viðunandi. Endurskipulagning á rekstri hefur gengið ágætlega þó svo að henni sé ekki lokið.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Ágústsson framkvæmdastjóri í síma 412 5000.